

Nd.

## 510. Frumvarp til laga

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

### 1. gr.

Aftan við 2. mgr. 20. gr. laganna bætist orðin: Ef óskað er eftir ökuskirteini hjá lögreglustjóra utan heimasveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimasveit sinni.

### 2. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Bifreiðarstjóraefni mega því aðeins æfa sig í bifreiðaakstri, að við hlið nemandans sitji ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi bifreiðarinnar, er prófakstur fer fram. Rétt til þess að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða undir almenna prófið hafa þeir einir, sem fengið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra. Engum má veita slíka löggildingu, nema hann sé 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð, hafi leyfi til að aka leigubifreiðum til mannflutninga, hafi frá útgáfu þess leyfis stundað akstur að staðaldri, a. m. k. þann tíma, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð, og hafi staðizt sérstakt próf fyrir ökukennara. Í reglugerð skal nánar kveðið á um prófgreinar og tilhögun prófsins svo og um, til hve langs tíma löggilding veitir rétt til ökukennslu. Dómsmálaráðherra getur, hvenær sem er, svipt menn ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið gjald fyrir löggildingu ökukennara og framlengingu hennar.

Æfingar nemenda í akstri tvíhjóla bifreiða mega aðeins fara fram undir stjórn og umsjón ökukennara. Réttindi til kennslu í akstri tvíhjóla bifreiða hafa þeir, sem hafa ökuskirteini, eru 25 ára að aldri og hafa minnst eins árs æfingu í akstri slíkra bifreiða. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja frekari skilyrði fyrir rétti til þessarar kennslu og svipta mann honum, hvenær sem er, ef ástæða þykir til.

Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri eru en svo, að vanti 3 mánuði í 18 ára aldur.

Bifreiðar, sem notaðar eru við kennslu, skulu að aftan og framan bera greinileg spjöld með áletruninni „KENNSLUBIFREIÐ“, og skulu þær löggiltar til kennslunnar af bifreiðaeftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett. Dómsmálaráðherra er heimilt að kveða á um gerð kennslubifreiða, sérstök öryggistæki í slíkum bifreiðum og váttryggingu þeirra umfram aðrar bifreiðar.

Kennsluakstur má fara fram þar, sem akstur bifreiða er leyfður, en þó getur lögreglan bannað slíkan akstur á ákveðnum götum og vegum, er slíkt bann þykir nauðsynlegt.

Ökukennari ber ábyrgð á, að akstursæfingar fari fram á þeim stöðum og með þeim hætti, að telja megí hættulaust fyrir aðra umferð, er tekið er tillit til kunnáttu nemandans.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um kennslu og próf bifreiðarstjóra, og ákveður gjald það, er greiða skal fyrir prófið.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.